

# Fyrirburðir.

Nokurskonar saga.

Áð Pváttá sýndist presti á föstudaginn langa sjáv-  
ardjúp hjá altarinu — ok sá þar í ógnir margar.  
Njála.

## I.

Í blöðum og tímaritum, — það eru einkum útlend tímarit sem ég á við — má sjá minst á Balkanstriðið af einhverju undarlegu tilfinningar- og skilningsleysi, nærrí því eins og ekki væri um annað en skáktafla að ræða, nærrí því eins og svona stórkorin fiftuka, eins og slik styrjöld virðist nú á dögum, gæti ekki verið fyrirboði þess, að mannkynið muni ef til vill eiga fyrir höndum að líða undir lok í skelfingum.

Sú skoðun hefir verið latin í ljós, að þessi styrjöld hafi verið nauðsynleg og óumflýanleg, og að mikið muni með henni ávinnast. Mér fyrir mitt leyti þykir langliklegast, að hefði hér átt hlut að málum þeir menn, sem væri það alhugað, að vera um alla bluti sampingarmenn, eins og Ólafur Höskuldsson kvaðst vera, pá hefði ekkert orðið úr þessum ófriði, og jafnvel ekki, ef annarhver maður á Balkanskaganum hefði verið lesandi; en þar og á Spáni er ólægast og ófróðast fólk í Evrópu og á Rússlandi viða. Auðvitað verður því ekki móti mælt, að eitt hvað ávinst með striðinu; það t. a. m. að nokkrir auðugir kaupmenn og stóriðnaðarmenn verða ennþá miklu auðugri en þeir

vóru áður, og þessar mörgu miljónir, hundruð á hundruð ofan, sem ófriðurinn hefir kostað, verða í annara manna eigu, og miklu færri manna eigu en áður. En þó að ófriðurinn hafi mikið kostað í peningum, þá gætir þess litil hjá því sem hann hefir kostað í sorg og tárum, í blöði og kvöllum, af sárum og sýkingu. Og enn er ekki séð fyrir, hvað þær sóttir muni fara viða sumar, sem vanar eru í flestum styrjöldum að bynna fylkingarnar eunþá meir en skot og sverðslög.

Og hvað ætti það að vera, sem gæti bætt upp aðrar eins skelfingar einsog þær, sem fóru fram t. a. m. á vígvellinum við Kirkilisse eða hvað það nú er, sem staðurinn heitir á þessari skrælsku þeirra þarna suðurfrá, þar sem einusinni var tölud gríska. Menn reyni til að hugsa sér þessa særðu aumingja, sem liggja hópum saman á vígvellinum, og eru að vona, að einhver komi til að líkna þeim og gera að sárum þeirra. Og svo þegar komið er, þá er það ekki hjúkrunarfólk, heldur einhverjir grimdaróðir djöflar í mannsmynd, sem skera af sáramönnum nef og eyru, stinga úr þeim augun, rista þá upp, leika þá svo hræðilega, að með-

vitundin verður ekkert annað en hamslaus kvöl, sem engin orð ná til að lýsa, og enginn getur haft annað en óljósa hugmynd um. Því að úr neðsta helviti snýr víst enginn aftur til að segja frá tíðindum, og jafnvel þeir, sem lifa af miklar kvalir, gleyma að mestu hvernig það er, að vera í helviti.

## II.

Þegar eg las um hinár bryllilegu piindingar á særðum mönnum, sem vikið var á, þá varð mér einhvernveginn við eins og þegar verið er að segja manni það, sem hann veit áður. Til þessa lágu einkennilegar ástæður, sem ekki verður skýrt frá nema nokkuð langt sé farið aftur í tímann. Segi eg frá þessu, ekki sízt vegna þess að eg hygg, að í hverri æfisögu sé fróðleikur, sem aldrei er einskis verður, og því meira verður, sem sagan er sögð af meira viti og meiri hreinskilni.

## III.

Haustið 1910 varð eg mér til mikillar undrunar brjálaður. Eg hafði síðan eg fór til Grænlands 1897 átt við mjög mikil svefnleysi að stríða, líkt því sem Herbert Spencer lýsir svo ágætlega í æfisögu sinni; var Spencer 35 ára þegar hann misti svefninn, en ekki 25 eins og eg, þegar samskonar ólán bar mér að höndum. Spencer gekk aldrei af vitinu, svo kunnugt sé, og hvernig sem eg hafði vakað, hafði eg aldrei fengið

neitt óráð, og jafnvel ekki í sótthita nema einu sinni á ævinni, að því er mig minnir. Sumarið 1910 hafði eg verið á rannsóknarferðalagi, viða um suðvesturfjórðung landains; eg hafði gengið upp á ýms fjöll, sum dálitið erfið, og fanst eg vera með betra viti en nokkru sinni áður á ævinni; eg athugaði betur og skildi betur, enda fann eg svo margt, að mér virtist sem nýtt tímabil væri að hefjast í rannsóknum mínum, og verður þó ekki af mér haft, að enginn náttúrufræðingur hafði á Íslandi áður gert jafn merkilegar athuganir eins og eg. Þetta summar sá eg fyrst menjarnar eftir þá kuldaöld, sem ráðið hefir svo miklu um landslag á Rangárvöllum og viðar; eg fann áður óþeckt eldfjöll og það jafnvel i nánd við Heklu og Geysi; eg fann í Þjórsárdalnum mjög undarlega tilkomna bergtegund, sem eishverntíma verður fræg, og líklega fémæt, þegar alúminiumsöldin hefst af alvöru; eg sá, að Þjórsá er að leita burt úr farvegi sínunum fyrir innan Búrfell; og margt fleira sá eg, sem ekki verður hér talið. Eg hafði meira í hyggju um ritstörf en nokkru sinni á ævi miuni áður, þegar rannsóknum mínum var lokið og eg fór að halda heim á leið. En nokkru eftir að heim kom um haustið varð eg svo brjálaður, að það varð að fara með mig að Kleppi; dvaldi eg þar um tíma í nokkurákonar dýflissu, og veit síðan glöggar en áður, hvernig það muni vera að komast í

„svartholið“. Fór þarna líkt fyrir mér eins og einum af helztu vísindamönum aldarinnar sem leið, Robert Mayer, en munurion var þó m. a. sá, að Mayer varð að dvelja heilt ár á vitlausra spítala, en „brjálsemi“ hans var þó aðallega í því innifalin, að hanu þóttist hafa gert mjög stórmerkilega uppgötvun í eðlisfræði. Eðlisfræðingar höfðu ekki áttað sig á þessu, og geðveikralæknirinn var svo sem ekki í neinum vafa um, að Mayer væri haldinn af stórmenskubrjálsemi. Saga vísindanna og vísindamannanna er mjög eftirtektarverð og fróðleg, þegar menn fara að skilja hana rétt. Sumir þeir sem mest hafa unnið að vitkun mannkynsins, hafa verið álituir brjálaðir, aðrir hinir mestu skaðsemðarmenn, og farið með þá eins og verstu glæpamenn. Svona erfitt er að vitkast, og sést það líka af því, að ýmsir afburðamenn að viti hafa mist það, stundum fyrir fult og alt, eins og Nietzsche (sem lesa má nið um í „Eimreiðinni“ 1910); sumir með köflum eða stuttum köstum, eins og Svedenborg um eitt skeið ævi sinnar, eftir þeirri sögn sem mér þykir trúlegust; var Svedenborg einn af mestu náttúrufræðingum sinnar aldar, stórgáfaður maður, fjarskygn og forspár, en alt of mikill bibliutrúarmaður, enda biskupssonur. Eun er fróðlegt í þessu sambandi að þrír mestu skáldsnillingar Svía hafa allir orðið brjálaðir, Tegner, Fröding og Strind-

berg; náði vist enginn þeirra sér til fulls eftir að þeir voru orðnir geðveikir.

Því hefir verið haldið fram af nafnkendum mönnum — alt of frægum raunar — Lombroso, júðsk-ítölskum vísindamanni, og Max Nordau, þýzk-júða, sem vist ekki er vert að kenna við vísindi, að afburðavit sé eiginlega nokkurskonar veiklun eða geðbilun. Þetta er álika rétt eins og ef því væri haldið fram, að mjög háir turnar væri eiginlega nokkurskonar rústir, af því að þeim væri hættara við að hrynda t. a. m. i jarðskjálftum heldur en öðrum byggingum.

23. 1.

#### IV.

Að eg varð brjálaður virtist vera örþrifaráð náttúrunnar til þess að ná hvild fyrir heilann; því að úr því að eg fór að missa vitið, fór eg að geta sofið. Einu sinni meðan eg var á Kleppi, sofnaði eg jafnvel standandi upp við þil, og vorn það býsna mikil umskifti frá því sem áður hafði verið. Brjálsemin var í rauninni mjög mikið innifalin í þessu, að mig hélt eins og áfram að dreyma, þó að eg væri vakandi; dómgreindin var töpuð, eins og vanalega verður í svefn. Í rauninni er skynsemi manna brjáluð í svefn, og þeir trúa jafnvel því, sem ótrúlegast er; en af því að þeir liggja kyrri meðan þeir sofa þá ber ekki á því, og svo taka menn vanalega vit sitt aftur þegar þeir

vakna, meðvitundin tengir dag við dag, en nöttin gleymist að mestu. En draumarnir hygg eg stafi nokkuð af áhrifum vakandi og viljandi vitunda á sofandann, og þessvegna á bolfallið svo merkilega vel við, að sagt er mig dreymir fremur en eg dreymi. Sú tegund svefn, sem er nefnd „trance“, miðils svefn, sýnir þetta vel. Í vesturfararsögu Einarss Hjörleifssonar í „Norðurlandi“, er mjög skemtilega sagt frá því, hvernig brezk spákona gat með því að sofna, orðið svo samvita við Einar, að hún sagði honum ýmislegt úr huga hans. Er slikt auðskilið, og alt það sem menn nefna hugsanalestur og hugsanaflutning, ef þær efnishreyfingar heilans sem hugsununum samsvara, vekja út frá sér öldur, líks eðlis og t. a. m. ljósöldurnar. Eg vík aðeins á þetta hér, og vona að geta ritað greinilegar um þetta mikla og merkilega efni i eitthvert annað skifti.

## V.

Það skifti mjög í tvö horn um þessa vakandi drauma mína, eða ofsjónir og ofheyrnir. Sumt var fagurt og gleðilegt, en fleira þó á hinn veginn, og svo ógurlegt sumt, að mér hefir komið í hug eftir á, hvort þessi bjargfasta trú manna á helviti og djöfla, sem einkendi miðaldirnar, þegar heilar þjóðir máttu brjálaðar nefnast, muni ekki hafa stuðst við eitthvað slikt. Og orð Poloniuss um Hamlet: though this is mad-

ness, there is a method in it, áttu við um margt af þessari vitleysu, svo „skynsamleg“ var hún og mikil samhengi í henni.

Það er aðeins litill bluti þess sem fyrir mig bar, sem hér mun verða sagt frá; sumu hef eg sagt frá annarstaðar, en langmest er ósagt enn. Og þó að sumum kunni að þykja þetta ófróðlegt og skilji svo illa, það sem eg hef þegar gefið í skyn, að þeir ætli að hér sé um einhvær sautjánuðarskap að ræða, þá er eg ekki í neinum vafa um, að síðari tíma menn, sem fróðari munu verða um það sem eg nefni lifgeisla og lifgei-lan (bioradiation) en visindamenn nútímans, munu kunna þakkir fyrir, að ritað hefir verið um þessi efni af manni, sem varið hefir eigi litlum hluta ævi sinnar til visindalegrar skoðunar og íhugunar. Og því meira er að marka það sem menn rita um slik efni, sem þeir eru næmari á að athuga, hvaða hugarástand og hverjar hugsanir það eru, sem upp eru komnar í huga manns sjálfss og hverjar eru það sem nefna mætti aðskotahugsanir.

## VI.

Þegar menn vakna, gleyma þeir vanalega mestu af draumum sínum; svefnvitundin var svo ólik vökuvitundinni. Likt er um brjálsemi; þegar menn vitkast, gleyma þeir víst oftar hugarástandi sínu meðan þeir voru brjálaðir. Og eg hygg, að eg hefði gleymt mestu af því,

sem mér þótti fyrir mig bera í brjál-  
sheiminni, ef minni mitt væri ekki að  
sumu leyti fremur óvanalegt; eg man-  
t. a. m. eftir mér í fyrsta skifti þegar  
eg var ekki fullra 14 mánaða, og ef til  
vill jafnvel dálitið fyr, þó að eg þori  
ekki að fullyrða það.

Meðan brjálsheimin var að byrja í mér,  
og dómgreindin ekki eins horfin og sið-  
ar varð, gat eg furðað mig á, hvað  
meðvitund mín var að verða undarleg;  
það var eins og það væri eiginlega ekki  
mín meðvitund, nema nokkuð af henni.  
Eins og eitthvert skifti sem eg var á  
herbergi mínu og var vist að ganga  
um gólf, og þetta var mér fyllilega ljóst;  
en jafnframt fanst mér eg vera ein-  
hversstaðar úti á viðavangi, á stað sem  
eg hafði aldrei komið á, eða neinn  
likani, var þarna svo undarlegt að eg  
get ekki lýst því; en bjartara sólskin  
þótti mér þar vera en eg hafði nokkurn  
tíma vitað, og í huga mínum var ein-  
hver óumræðileg gleði yfir einhverju  
fagnaðarefni sem eg ætla ekki að leggja  
út í að lýsa, enda man eg þar af ó-  
glögt; en þó var eins og eg sæi fram  
á eitthvað, sem mundi valda stórtíðindum  
til gleði, ef vitað væri. Ef eg man  
rétt, var þó ekki laust við einhvern  
kvíðasúg þegar á leið. Svo hvarf þetta,  
líkt og þegar ljós er slökt, og eg var  
í herberginu mínu og hvergi annars-  
staðar, og í ekkert góðu skapi.

Löngu síðar dreymdi mig draum sem

var nokkurskonar framhald af þessu  
hugarástandi; en þá var raunar eins  
og jeg hefði alveg skift um hug í  
svefninum, svo að það var með allra  
mestu naumindum, sem eg kannaðist  
við sjálfan mig, fyrst þegar eg vaknaði.  
Það sem jeg man helzt úr draumnum  
nú, er einhver friður, sem ekki  
verður lýst, og þetta furðuljós yfir  
einhverjum furðustöðum. Hefir mér  
komið til hugar stundum, hvort eitt-  
hvert slikt hugarástand muni ekki  
vera grundvöllurinn undir því, sem kent  
er um Nirwana í Búddatrú og eins, við  
hvað orðin um „þetta ljós og annað“ muni  
stýdjast. Orð þessi eru ekki kristileg  
að upphafi. Ciceró talar t. a. m. um „ann-  
að ljós“ í fyrstu bókinni af Tusculanæ  
disputationem, sem eru nokkurskonar  
hugvekjur.

## VII.

Eftir þennan bjarta vökuðraum sem  
eg mintist á, varð eg gagntekinn af  
megnum kviða; og það sem eg einkum  
kveið fyrir, var styrjöld og skothríð af  
heiskipum á land upp, eins og átti sér  
stað ári síðar á Afrikuströnd, nörgum  
til kviða, kvalar og dauða. Eionig  
þetta var í rauninni eins og það væri  
eitthvert aðskotta hugarástand, og átti  
eg nú verra með að átta mig en áður,  
eða gat það alls ekki, varð með öðrum  
orðum alveg brjálaður. Og ýms þessa-  
konar hryðjuverk sem eg hafði kviðið

fyrir, þóttist eg sjá fram fara seinna um haustið, eftir að eg var kominn að Kleppi.

Væru það langar frásagnir, ef eg reyndi að segja sem flest eg gæti, og verður það ekki að sinni, enda margt sem eg man óglöggt. En eitt af því sem fyrir mig bar var einhvernveginn á pessa leið:

Eg þóttist sjá særða menn liggja á jörðinni; ekki sá eg þetta mjög greinilega samt, heldur eins og nokkuð frá mér, og var víst farið að skyggja. Einn af hinum særðu mönnum reis upp við olnboga, eða settist upp, og sagði við einhvern ekki langt frá honum eitthvað um að hann fyndi ekki eins til og áður. En svo komu þessir djöflar, sem eg kann ekki að lýsa, og fara að misþyrma hinum særðu, kváðu þá við óp og hræðileg veinan. Einnmanninn söguðu þeir sundur í two hluti. Suma kviðristu þeir, úr sumum stnugu þeir augun.

Það var þetta og ýmislegt fleira af sama tagi sem gerði, að eg kannaðist einhvernveginn við, þegar eg las um hörmungarnar á vígvellinum við Kirkilisse.

### VIII.

Transcendental experiences are no longer looked upon as hallucinations.

Dr. Quackenbos North American Review, September 1912.

Margt bar fyrir mig um konunga, bæði Danakonung og aðra, jafnvel Japanskeisara.

Eg þóttist vita af Danakonungi í lífsháská, er enginn hans manna væri viðstaddir; en ekki man eg nágu vel hvort eg þóttist sjá hann drepinn. Friðrik 8. dó eins og kunnugt er, af hjartabilun eftir lungnabólgu, en alls ekki af áverka; og hefir svo verið um margt af þessum höfuðórum, að eftir á hefir komið fram eitthvað svipað því, sem sem mér „bar fyrir augu“, en ekki nákvæmlega sama. Eg þóttist t. a. m. vita til þess, að Edison misti annað augað, og væri það nágu skritið ef það er satt, sem í blöðum hefir staðið, að annar mikill hugvitsmaður á notkun rafmagns, Marconi, hafi orðið blindur á öðru auga af slysi.

Oft „heyrði“ eg Kristján 10. nefndan, en þó miklu minna en föður hans, og þóttist ekki mikið til hans vita annað en það, að hann væri kominn til ríkis og mundi í einhverjum smávegis vanda staddir; hvað það var þóttist eg ekki vita.

Að áliðnum vetri, þegar eg var þó nokkuð farinn að vitkast aftur, fór enn að bera fyrir mig ýmislegt um Friðrik konung, og enn þóttist eg vita, að háski votði yfir honum; en nú var það af veikindum; og einu sinni „á“ eg honum bregða fyrir liggiandi í rúminu. Pótti mér, sem hann mundi eiga ekki langt eftir ólifað og hálf furðaði mig á að hann skyldi vera á Ífi 3. júní. Seinna um sumarið, þegar eg hafði náð aftur fullu viti, hætti eg að taka nokkuð

mark á þessu, og gleymdi miklu af því, en það rifjaðist upp fyrir mér aftur vorið eftir þegar það fréttist, að konungur væri lagstur í lungnabólgu.

Pessi breyting, sem á fyrirburðunum varð, er skiljanleg, ef slik framsýn stendur í sambandi við tilraunir á öðrum hnöttum til að hugsa sér framtíðina hér á jörðunni. Eins verður skiljanlegra að það eru nafnfrægustu mennirnir á jörðunni, sem fyrirburðirnir snerta. Það má telja alveg vist, að sumstaðar í himingeimnum eru lifandi verur komnar ákaflega miklu lengra en mennirnir hér á jörðunni, og það er ekki ósennilegt, að einn kafliði í þeirra stjörnufræði fáist við lífið á öðrum himinhuöttum. Pessi afarmerka grein stjörnufræðinnar er rétt að hefjast hér á jörðunni; en eins og menn hafa haft einhverja meðvitund um stjörnur, löngu áður en nokkur stjörnuvínsindi voru til, eins hafa myndast ýmsar tröllasögur, og goðasögur, sem menn hafa fyrr og síðar gert sér úr margvisleg trúarbrögð og í raun réttari áttu rót sína að rekja til misskilinna áhrifa lifgeislanar úr öðrum sólkerfum, þó að engan hafi grunað slikt fyrr en nú á síðustu tímum. Amerískur læknir og rithöfundur, dr. John Quackenbos, tekur það fram í afbragðs gáfulega hugsaðri og vel saminni ritgerð í septemberhefti tímaritsins North American Review, að fjarskynjun muni geta náð sólkerfanna á milli. Dr. Quackenbos er stórgáfaður maður, og hugsar miklu

betur en t. a. m. Flammarion, og ætta þeir sem hug hafa á þessum efnum að veita því nákvæma eftirtekt, sem þeir sjá eftir Quackenbos.

## IX.

Þetta, sem eg þóttist sjá og heyra, var ekkí alt jafn greinilegt. Einu sinni „sá“ eg t. a. m. þrjá menn, ólika nokkru fólk, sem mér er kunnugt um af sjón eða sögn. Menn þessir voru svo nálægt mér, að eg sá vel i þeim augun, og hvað hreinar voru í þeim tennurnar. Virtust mér framtennurnar dálitið öðruvísí i laginu en nokkrar mannstennur, sem eg hefi séð. Menn þessir voru mennskir á vöxt og vingjarnlegir á svip.

Fjær mér og nokkru ógreinilegar, þóttist eg (i önnur skifti) sjá ógurlega jötna; voru þeir naktir og vel vaxnir, en hörundið ólikt nokkru mannhörundi að lit; höfðust jötnarnir ýmislegt að, sem undarlegt væri frásagnar, og hræðilegt var að sjá sumt.

Og fjarst, mér, eins og í „skyjum himins“, var pessi óumræðilega fagra og mikilúðlega vera, sem eg hefi getið um í grein þeirri i „Ísafold“, sem eg nefndi vitrun. Raunar þóttist eg oftar en einu sinni sjá slike dýrðarverur, ef til vill fjórum sinnum eða fimm, eg man það ekki nógu vel; en "einn „guðinn“ (það væri villardi að nefna slike verur menn) bar þó af hinum. Mér þykir liklegt, að forn-Íslendingurinn, sem kvað

Sólarljóð, hafi eitthvað „séð“ likt þessum dýrðarverum, og því komist hann svo að orði: Var mér sem ek sái hinn göfga guð.

Mér þætti nóg fróðlegt að sjá einhvern, sem alvarlega hefði reynt að gera sér grein fyrir, hvað á sér stað í heilanum þegar maðurinn sér eitthvað, færast í fang að útskýra, hvernig súlikar sýnir, sem ég hefi minst á, ættu að geta skapast af engu í meðvitund mannsins; hversvegna maðurinn ætti fremur brjálðaður en óbrjálðaður að geta „imyndað“ sér „guðina“ og það svo glögt, að það væri eins og hann liti þá augum. Eg held að það yrði erfitt. En hitt er auðskilið, að áhrif utanað sem sýnina vekja (eða nákvæmar sagt, það ástand heilans sem samsvarar því þegar augað sér) geti fremur náð meðvitundinni þegar eftirtekt og hugsunarafhl hvílist að meatu, eða liggur í lamasessi eins og verður í blundi eða brjálsemi. En ekki virðist torskilið, að starfandi hugur og eftirtekt hrindi miklu fremur frá sér hugaröldum utanað. Sá sem er í ljósi, sér síður ljós í fjarska, en sá sem er í myrkri sjálfur. Á daginn sjást stjörnurnar ekki. Þá sést aðeins ein sól, sem næst er, þó að óendanlega margar aðrar sé til, og sumar sem eru mörgum þúsundum sinnum stærri en vor sól.

7. febr.

## X.

Sumt af því sem fyrir mig bar hefði verið framúrskarandi vel fallið til að gera upp úr því skáldsögur, dálitið í ætt við hinum ágætu framtíðarsögur Wells, en þó með sínu lagi. En nú er eg ekki skáld, heldur svolitið í áttina að því að vera visindamaður, og það sem eg er að reyna, er að segja frá ýmsum athugunum á undarlegu hugar-ástandi, og nokkrum, að því er eg hygg, mjög mikilsverðum ályktunum sem af þeim leiðir. En þrátt fyrir þessa viðleitni í visindaáttina, verður ekki hjá því komist, að nekkud af skáldskap, i vondri merkingu orðsins, blandist saman við frásögn mína. Petta kemur m. a. til af því, að sumt sem eg vildi sagt hafa frá, er gleymt eða hálfgleymt; eða eg þóttist ekki „sjá“ og „heyra“ nógur greinilega sumt sem eg hugði fram fara. Og meðan eg var brjálðaður, skildi eg svo fjarska lítið í pessum undrum sem var að bera fyrir mig, og reyndi, sakir andlegs afleysis, mjög lítið til að gera mér grein fyrir þeim. Eg var nærrí því eins og einhverskonar móttökuvél, sem tekur við furðulegum myndum, sem misjafnlega vel gengur að ná fram í minnið eftirá, þó að mikið sé þar geymt. Og eigi aðeins myndum tók eg við heldur einnig hljóðum, eða réttara sagt hugsuðum orðum. Mér fanst það eðlilegt og alvanalegt, meðan eg var vitskertur, að menn hugsuðust á, gætu látið aðra vita hugsanir sínar þegjandi, og það betur

en menn geta með því að tala; og einn af þeim, sem eg þóttist hugsast á við, var Japanskeisari, svo að ekki virnist mér fjarlægðin geta verið sliku „samtali“ til fyrirstöðu. Ekki man eg eftir að mér kæmi neitt í hug um samband við aðra himinhnetti, fyrr en eg var talsvert farinn að vitkast.

Þegar eg dvaldi í Danmörku í fyrravetur blaðaði eg dálitið í ritum Swedenborgs, sem eru mörg og mikil; hélt eg að ruglið á mér kynni að hafa verið eitthvað líkt og á Swedenborg. Miklu minna græddi eg þó á ritum Swedenborgs en eg bjóst við; hann hefir verið gnðfræðingur að hugarfari miklu fremur en heimspekingur, og skrifar allt of mikil um bibliuna, og það af andlegu ófrelsi, en alt of lítið um það sem honum sjálfum hafði opinberað verið. Swedenborg tökst ekki að átta sig á hvað fram var að fara, enda var það víst mannlegum krafti ofvaxið, meðan eðlisfræðin var ekki lengra á veg komin, og Faraday rafmagnsfræðingurinn mikli, var ekki kominn til sögunnar. Heimspekingurinn Kant áttaði sig heldur ekkert á, hvað um var að vera, og það er undarlegt að sjá pennan mikla mann, sem fyrstur hugsaði sér hvernig sólkerfið hefir orðið til, eins algjörlega skilningslausán gagnvart Swedenborg, eins og hann er í ritu sínu *Träume eines Geistersehers* (draumar andasjáandaus). En það vantaði líka mikil meðan vantaði allar þær rannsóknir, sem síðan hafa gerðar verið

í náttúrufræðum, meðan t. a. m. engin þekking á rafmagnsöldum var til, og Faraday hafði ekki hugsað sínar afarmerkilegu hugsanir um afslvæði ódeilanna. Vona eg að geta rakið miklu betur seinna það samband sem hér er vikið á. Það sem eg rakst á langfróðlegast hjá Swedenborg var þetta, að hann segir að á einhverjum himinhnetti — hvort það er Mars eða Mercurius man eg ekki — tilkist þetta hugtal, sem mér þótti svo eðlilegt og sjálf sagt.

Hjá dýrunum er að sumu leyti miklu meiri samúð en hjá mönnunum, eins og allir vita, sem t. a. m. hafa horft á hesta kljást og hugleitt hvað þar fer fram; en þó að hestarnir viti nokkuð hvor i aunars hug, geta þeir ekki talað saman eins og mennirnir. Að æðri verur en mennirnir — eða mennirnir á æðra fullkomnum stigi — geti svo eigi aðeins talazt við, heldur einnig hugsast við, virðist eigi óliklegt. Og að slikt hugtal getur átt sér stað hér á jörðunni nú þegar, ef sérstaklega stendur á, er víst. Paynégur dáleiddi mann sem Victor hét, og meðan Victor var í þessari leiðslu, vissi hann hugsanir þeirra sem viðstaddir voru þessa tilraun, og svaraði þeim eins og talað væri við hann. (Binet og Féré: Animal magnetism, London 1891, bla. 27).

Þetta er í sannleika afar eftirtektarverð athugun; og bókin þar sem hennar er getið er afbragð. En til eru þeir, sem efast um allar slikar skýrslur, og gleyma því, að sumur efi er engu síður

óvisindalegur en oftrú. Hvorttveggja aftrar mönnum frá að komast á braut sannleikans, þessa braut, sem svo erfitt hefir verið að ryðja og haldið er að liggi til Himnaríkis. Óz það þykir mér trúlegast.

## XI.

Oft hefi eg fundið til þess, hvað ervitt er að segja frá, og eftir hverja slika tilraun er eg óánægður vegna þess að eg finn að mér hefir ekki tekist eins vel, og ekki getað sagt eins rétt frá og eg vildi, jafnvel þó að ræði um þau efni, sem eg hefi getað athugað hvað eittir annað. Og aldrei hefi eg fundið eins til þeirra örðugleika eins og nú, þegar eg er að reyna að skýra frá því sem eg heyrði, en þó ekki með eyrunum, og sá, en þó ekki með augunum, en að vísu þó líkt og eg liti það augum.

Pegar eg þóttist „sjá hinn göfga guð“ eins og áður er um getið, þá fylgdi þeirri sýn svo fagur hljómur, að aldrei hafði eg rent grun í, að til væri hljóð svo unaðslegt að heyra. En um sumar minnar „ofheyrnir“ hori eg ekki að fullyrða, að þeim hafi fylgt nokkur hljómur, eg þóttist vita að einhverjir hugsuðu þannig, að eg vissi hvað þeir hugsuðu eins og eg hefði heyrт þá segja orðin.

En stundum var þó víst fremur eins og eg heyrði talað; og svo var þegar eg hlýddi á samtal konunganna. Þóttist eg heyra ýms mál tölud, og eitt sem eg kannaðist ekkert við; þótti mér

það mikil meiri, því að á því máli hugði eg sagt vera ýmislegt það, sem mestu varðaði. Var á þessum einkennilega hrífandi hátiðarfundi (sem mér þótti vera), minst á ýmislegt, sem ekki á heima á þessari jörð, og varla mun eiga þar heima, hérna megin við árið 2000 og hver veit hvað. Það var t. a. m. verið að fagna því, að nú mætti hugsa með þúsund heila krafti. Visindanefndir og ýmsar aðrar, eru hér á jörðunni eins og ófullkomnar tilraunir til slíks sálufélags sem minnst var ó, svo ófullkomnar stundum, að það er nærrí því eins og menn verði því heimskari, sem fleiri koma saman. Bækur og ritgerðir eru líka tilraunir í þessa átt. En þegar það tekst, að koma á, hér á jörðu, þesskonar vitfélagi, eða samvitund, sem þessir konungar, einhversstaðar á himnum, mintust á í ræðum sínum, og einhver óljós hugmynd um kann að hafa komið í einhvern ljósan koll á Íslandi binu frjálsa og forna, þá verður gaman að lifa. Það verður gaman að lifa þegar mannvitið verður orðið sterkt og sigursælt; þegar því tekst svo vel að veita heimsafinu sem nú eins og sefur sumt, en sumt geisar áfram í blindni, til að effa alla góða gleði, að öll sú heimska hverfur eins og mygla fyrir sólu, sem nú gerir mennina auma og ófriða, illgjarna og aggssama, en allir kraftar sameinast til að ná því takmarki, sem nú virðist flestum hulið.

En að segja nánar af samtali konunganna yrði of langt mál fyrir þessa ritgerð. Það verður saga sér. Og þó að hún verði ekki löng, þá er mér sem ég „horfi á haf“ er eg hugsa til að rita hana. Svo fiust mér það málefni mikil og vandasamt. En nú er að sjá hvað eg verð heppinn.

13. 2.

XII.

Posterorum negotium ago.

Seneca.

Ýmislegt af því, sem fyrir mig bar, var líkast sýningum úr framtíðarsögu Íslands. Eitt af því var nokkurnvegginn á þá leið, sem nú mun nokkuð sagt verða; er það með hálfum huga, sem eg ræðst í að segja frá því, sem undursamlegra var en svo, að því verði með orðum lýst, og ilt þætti mér ef lesandinn héldi, að það sem hér segir, sé ekki annað en tilraunir mínar til að hugsa mér framtíð Íslands.

Eg þóttist sjá haldna einhverja stórhátið herna í Reykjavík, og stórmenni stefna hingað viða af löndum. Fremstir í flokki voru þjóðhöfðingjarnir og í för með þeim hinir mestu vitringar þjóðanna; því að nú virtist svo sem koungar og keisarar væri aftur farnir að kjósa sér vitringa að vinum, eins og stundum átti sér stað í fornöld og stundum raunar líka á síðari tímum, einkum ef meira hefir borið á einhverju öðru en spekinni.

Það var flugöld mikil, og úti yfir flóanum blikuðu við, líkt og stjörnur, flugvélahóparnir, sem stefndu hingað.

Það, sem mér virtist vera að gerast, var hvorki meira né minna en þetta, að heimurinn hafði loksns uppgötvað Ísland og íslenzku þjóðina.

Það var alþjóðahátið, sem hér átti að fara að halda, og Dýzkalands keisari (einhver Pýskalands keisari) hafði mest beitt sér fyrir, að þetta kæmist í kring. En þó man eg það ekki nógum vel. En glögt man eg, að mest bar á honum, og er mér einkum miunistætt, hvað hann var glæsilegur til sýndar, í einhverskonar skínandi brynjum.

Það átti að vígja hér á Íslandi upphaf nýrrar aldar í sögu mannkynsins. Sú old átti að verða friðaröld og gleði, en heimskan, sem ennþá hefir meir en hálf völd, var oltin úr tigninni. Og að þessi vígsla átti fram að fara á Íslandi, var að þakka fyrst og fremst þessum fræðimönnum og skáldum, sem höfðu verið svo merkilega þrálátir í að láta sér þykja vænt um landið og þjóðina. Loksins höfðu forhugar þjóðarinnar, þrátt fyrir ýmislegt andstreymi, unnið sigur á einfeldni, einurðarleysi og niðrunargirni. Menn höfðu, með stillingu en óbifandi sannfæringu, bent heiminum á gildi bókmenta vorra. Íslenzkunni hafði verið skipað í það sæti sem henni ber, öndvegið meðal tungumálanna. Eigi að eins fornrit vor (með nútiðar stafsetningu, eða því sem næst) heldur líka

ýms rit frá síðari tímum, voru lesin bæði á Þýzkalandi og viðar, þar sem byggir fólk af Arunga ættum. Nú vissu menn að á Norðurlöndum, og þó einkum á Íslandi, hafði hæst verið stefnt hér á jörðu með afl, með vit, með friðleik og ástúð, þó að of margt snerist á leið til heimsku, jafnvel meðan bezt var, og of skamt yrði komist áleiðis, áður en miðaldamyrkrið lagðist einnig yfir þetta land. Nú vissu menn, hvað af því mátti ráða um lífsaflíð og vitmagnið, sem leynist með þessari þjóð, að íslenzkt þjóðerni skyldi lifa af 17. og 18. öldina. Nú létu menn enga íslenzka hnignun, engin íslensk bágindi og enga amasemi villa sig framær. Ekki heldur neina af niðjum slikra manna, sem mikið höfðu þurft að blandast betra fólk til þess að þeir yrði velviljaðir.

Og nú vissu menn þetta aðalatriði, að hér á Íslandi verður að fá að gróa það sem vill til góðs. Því að sé vaxtarbroddurinn annarstaðar, þar sem hugsunin er skemdari í rótinni af margra alda málleysum, þá mundi ekki hér á jörðu eins vel stefnt að hinu mikla en afar-fjarlæga takmarki, sem er samband alla sem lifir, svo að allur hinn óendenlega mikli og dýrlegi heimur geti orðið vort heimkynni, og lifað verði af öllu því aflí sem í geimnum geisar.

Það verður mikil gleði, þegar öllum verður ljóst, að þetta, sem menn nú lengi hafa séð eins og í hillingum, og það aðeins sumt, og oft á höiði, og

margvislega aðsgað og villandi menn að réttri leið, getur orðið hér á jörðunni; og þegar glöggr leið verður séð til að ná því takmarki. Og einhver slik uppgötvun hygg eg að hafi búið undir þessari einkennilegu hátið. En það sem að Íslendingum sneri mest, var gleðin yfir að hafa uppgöty að þá þjóð, sem ekki má halda áfram að búa við kotungskjör, eigi ekki altmann-kynið að biða tjón af. Og nú átti að gera það, sem mannlegur kraftur gat orkað til að græða meinin og styðja vöxtinn, nú þegar það var séð, að hér getur orðið beztu vitið, og þeir leiðtoga, sem réttast sjá og lengat. Hérla, þar sem glöggast hefir verið munuð fortíðin, mun gleggst verða séð framtíðin, og sú leið sem fara verður.

Af sjálfrí hátiðinni segi eg ekki meira, fyrr en minni mitt skýrist betur, sem vel getur orðið. En þó verð eg nú þegar að geta um eitt, þó að mig langi meira til að þegja yfir því. Hátiðin fór eitthvað að mistakast þegar á leið; undirbúnungurinn hafði ekki verið nógur, og eg mun hafa kveðið heldur ríkt að orðið sumstaðar um það, hvað vizkan hafi verið orðin sigursæl áður en hátiðin var stofnuð. Íslendingar höfðu ekki átt að sig á sjálfünum sér alveg eins og þurfti; og útlendingarnir voru ekki orðnir nógu gjarnir á friðinn og lenti eitthvað saman.

En þó hygg eg það engan veginn víst, að svona muni fara. Alt getur farið vel hér, þó að svona hafi farið einhversstaðar annarsstaðar, þar sem að-

dragandinn hafði verið líkur og hér,  
Það verður að muna, að öll fram-  
sýn hefir verið og er ennþá svo óviss;  
til þess að hún verði nokkurnveginn  
viss þarf svo miklu réttari skilning hér

á jörðunni á fortíð og nútíð en fenginn  
er ennþá. Og þá mundi ekki verða  
sigt á skerin, þegar menn sæi með  
vissu réttu leiðina.

20. 2.

## Svefn og svefnleysi.

Fyrr eða síðar mun sjálfan sig fyrir  
hitta, sá er öðrum ilt gerir.

### I.

Krapotkin fursti segir frá því, að  
maður sem sýndi Rússakeisara banatil-  
ræði hafi verið þjáður á þann hátt, að  
honum var algerlega varnað að sofa.  
Hvernið það var gert skal hér ósagt,  
en ekki var það með bjölluhringingum.  
Slik fíflabjöllulæti eins og nú eru farin  
að tiðkast hér í þónum nætur og daga,  
geta að vísu verið svefnstyggum manni  
hinn meati svefnspillir og nærrí örvaænt-  
ingarefni stundum, og allra svefn hljóta  
þau að skemma eitthvað dálitið; en  
værar og vanalegan svefn geta þau  
ekki truflað svo pinding sé i.

Annað land, þar sem kvað tiðkast  
að kvelja glæpamenn á þann hátt, að  
taka frá þeim svefninn, er Kína, og  
minnir mig eg hafi séð þess getið, að  
menn sé jafnvel kvaldir til dauða á  
þenna grímdarfulla hátt.

Það, sem þjáir hina kvöldu menn, og  
verður þeim að bana, eru liklega af-

leiðingar af nokkurskonar eitrun á  
taungakerfinu. Meðan lífið er á eins lágu  
stigi og á sér stað hér á jörðunni enn-  
þá, verða af starfi líffæranna ýms óholl  
efni, sem líkamanum riður á að losast  
við; og sennilegt virðist, að starfsemi  
vitundarlifssins framleiði einhverjar eitur-  
tegundir, sem þegar nógu mikil hefir  
saftast fyrir af þeim, gera manninn  
máttlausán, og svifta hann meðvitund,  
þegar alt er eins og það á að vera.  
Pesskonar meðvitundarleysi er nefnt  
svefn, og meðan meðvitundin starfar  
ekki, eða miklu minna en í vöku, losar  
líkaminn sig við eitrið, og nækir í sig  
nýtt afl, svo að madurinn vakrar hress  
og glaður, hafi nóg verið sofíð; og ný-  
vaknaðir og velvaknsdir eru menn vitr-  
astir — eða óheimskastir — og hugkvæm-  
astir; þá dettur þeim flest í hug og heið  
skilja jafnvel stundum sitthvað, sem var  
þeim óskiljanlegt kveldið áður.

Hafi svefninn ekki verið nógur, svo